

SAMÞYKKT

um afgreiðslur byggingarfulltrúans í Hafnarfirði.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði afgreiðir, án staðfestingar skipulags- og byggingarráðs, mál skv. 2. gr. samþykktar þessarar, er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa gilda einnig ákvæði samþykktar um skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar.

2. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að afgreiða:

1. Umsóknir um byggingarleyfi skv. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga vegna tiltekinnna, minni háttar framkvæmda, þ.m.t. byggingarleyfi vegna nýbygginga, viðbygginga, minniháttar breytinga á innra skipulagi og útliti húsa, fjölgun eignarhluta í íbúðarhúsum og eignaskipta.
2. Umsóknir vegna minniháttar breytinga sem verða á mannvirki í framkvæmd.
3. Umsóknir vegna breytinga á hæðarlegu lóða, uppsetningar girðinga, gróðurs og frágangs lóða, staðsetningar gáma á atvinnulóðum, minniháttar skilta á mannvirkjum og lóðum og númerabreytinga húsa og lóða.
4. Umsóknir um framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga vegna minniháttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess og eru í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum.
5. Umsóknir um staðbundin réttindi iðnmeistara, sbr. 2. mgr. 37. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.
6. Akvarðanir um beitingu ákvæða skv. 56. gr. skipulags- og byggingarlaga.

3. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að gefa út byggingarleyfi vegna umsókna skv. 1., 2. og 3. tölul. 2. gr. og framkvæmdaleyfi skv. 4. tl. 2. gr. að uppfylltum ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunarskilmálum og öðrum samþykktum Hafnarfjarðar um skipulags- og byggingarmál. Telji byggingarfulltrúi að erindi sé bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir, skipulagsskilmála og/eða byggingarreglugerð eða óvissu ríkja um hvort uppfyllt séu ákvæði laga, reglugerða og samþykta, skal hann vísa málinu til afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs.

4. gr.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa samkvæmt samþykkt þessari skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarráðs til kynningar og bókaðar í gerðabók ráðsins en ekki teknar þar til annarrar afgreiðslu. Þær skulu síðan hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og afgreiðslur skipulags- og byggingarráðs. Koma skal fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Í fundargerð skipulags- og byggingarráðs skal koma fram að framangreindar afgreiðslur hafi verið lagðar fram. Skal listi byggingarfulltrúa yfir afgreiðslurnar varðveittur undirritaður af

byggingafulltrúa og formanni skipulags- og byggingarráðs til staðfestingar á að kynningin hafi farið fram.

5. gr.

Eftir að skipulags- og byggingarfulltrúi hefur afgreitt mál skal hann tilkynna málsaðila formlega um ákvörðun sína. Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju innan þriggja mánaða ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef aðstæður hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til skipulags- og byggingarráðs.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 7. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. ágúst 2005.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.